

880. Skýrsla

[522. mál]

félagsmálaráðherra um 79. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1992.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. Inngangur

Skipulag og starfshættir Alþjóðavinnumálaþingsins hafa lítið breyst frá stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) árið 1919. Í skýrslu til Alþingis um 78. vinnumálaþingið, sem haldið var árið 1991, var greint frá samþykkt stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um að skipa vinnuhóp til að endurskoða skipulag og starfshætti Alþjóðavinnumálaþingsins með það m.a. að markmiði að gera þingið skilvirkara og á þann hátt stytta þingtímann sem leiðir til minni kostnaðar stofnunarinnar og aðildarríkjanna. Vinnuhópurinn hefur sent frá sér ýmsar tillögur. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu var nokkrum smærri tillögum hrundið í framkvæmd. Meðal annars var ræðutími á allsherjarþinginu stuttur sem leiddi til þess að hægt var að slíta þinginu degi fyrr þrátt fyrir fjölgun aðildarríkja og metþátttöku í umræðum.

Önnur breyting sem þingið samþykkti felst í því að breyta ákvæðum þingskapa um nefndakjör. Fram til þess hefur stjórnarnefnd þingsins valið fulltrúa í nefndir. Þessu hefur verið breytt þannig að nú er það þingið sjálft sem kýs nefndir. Þetta hefur í för með sér að aðalþingfulltrúar verða að mæta til óformlegra fundahalda degi fyrir þingsetningu til að gefa til kynna áhuga á þátttöku í nefndum. Kosturinn felst í því að nefndir geta hafið störf á þingsetningardaginn og lokið störfum a.m.k. nokkrum dögum fyrr en verið hefði samkvæmt eldri reglum. Fyrir aðildarríkin þýðir þetta að sérfræðingar, sem taka þátt í nefndum er fjalla um sérhæfð málefni, geta vikið af þingi þegar hlutaðeigandi nefndir hafa lokið störfum og afgreitt tillögur sínar til allsherjarþingsins. Haldið verður áfram að vinna að lagfæringum á þinghaldinu en þess gætt að tækifæri smárikja til að hafa áhrif á framvindu málefna á þinginu skerðist ekki.

Það sem einkum setti svip sinn á 79. Alþjóðavinnumálaþingið var fjöldi nýrra aðildarríkja. Sérstaka athygli vakti þátttaka fulltrúa Eystrasaltsríkjanna. Eystlands, Lettlands og Litáens, sem voru meðal aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árunum 1921 til 1939 þegar þau voru innlimuð í Sovétríkin. Fulltrúar þessara ríkja voru boðnir velkomnir eftir rúmlega hálfra aldar fjarveru.

Merkasti árangur þingsins að þessu sinni felst í nýrri alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda. Með samþykktinni er mörkuð samræmd stefna sem aðildarríkin geta fylgt þegar tekist er á við vandamál sem leiðir af gjaldþroti atvinnurekanda. Þetta er víða um heim vaxandi vandmál. Raunar má tala um að alda gjaldþrota hafi riðið yfir Vesturlönd á síðustu árum. Sú þróun hefur ekki farið fram hjá Íslendingum. Því til vitnis er mikill fjöldi gjaldþrota á allra seinustu árum og aukið atvinnuleysi. Í alþjóðasamþykktinni er gert ráð fyrir að launakröfur geti notið verndar með tvennum hætti, þ.e. með því að veita

þeim forgang umfram almennar kröfur í bú gjaldþrota atvinnurekanda og í annan stað með stofnun ábyrgðarsjóðs til verndar launakröfum en það er sú leið sem farin er hér á landi. Íslenskar reglur uppfylla kröfur sem gerðar eru í nýju alþjóðasamþykktinni.

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar er ein mikilvægasta nefnd Alþjóðavinnuálagingsins. Í nefndinni er fjallað um niðurstöður athugunar sérfræðinganevndar Alþjóðavinnuálagingsins á skýrslum sem aðildarríkin senda stofnuninni um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Alþjóðasamþykktir ILO eru nú samtals 173 og fjöldi fullgildinga komst á þinginu í 5.691. Það er því ljóst að starf sérfræðinganevndarinnar er mjög viðamikil og fjöldi mála, sem fjallað er um í skýrslu hennar til þingsins, miklu meiri en þingnefndin kemst yfir að ræða. Af þessu leiðir að þingnefndin og þingið taka fyrst og fremst alvarlegri brot á alþjóðasamþykktum og stofnskrá Alþjóðavinnuálagingsins til efnislegrar umfjöllunar. Nánari grein er gerð fyrir störfum nefndarinnar og athugasemdum sem sérfræðinganevndin hefur gert við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum í kafla 2.5 í þessari skýrslu.

Af einstökum málum þingsins, sem ástæða er til að vekja athygli á, er starfsmenntun og þjálfun sem voru til almennrar umræðu. Þessi málefni hafa áður verið á dagskrá Alþjóðavinnuálagingsins en í ljósi þeirra skipulagsbreytinga, sem eiga sér stað á vinnumarkaði, þótti rétt að taka þau til umfjöllunar að nýju. Mörg aðildarríki ILO líta á starfsmenntun sem leið til að auka hreyfanleika vinnuafllsins til starfsgreina sem eiga vaxtarmöguleika. Aukin starfsmenntun og þjálfun starfsmanna gerir fyrirtækin hæfari til að standa sig í harðnandi samkeppni. Traust samkeppnisstaða fyrirtækjanna felur í sér atvinnuöryggi þeirra sem hjá þeim starfa. Íslensk stjórnvöld hafa á undanförunum árum fylgst með alþjóðlegri umræðu um gildi starfsmenntunar og unnið að því að leita leiða sem henta íslenskum aðstæðum. Í þessu sambandi má minna á samþykkt Alþingis á frumvarpi til laga um starfsmenntun í atvinnulífínu. Lögín, nr. 19/1992, tóku gildi í maí 1992.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálagingsins er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 79. Alþjóðavinnuálagingsið og birt alþjóðasamþykkt sem þingið afgreiddi.

2. 79. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 1992

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Árlegt þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþjóðavinnumálapingið, hið 79. í röðinni, var formlega sett miðvikudaginn 3. júní 1992. Samtals tóku þátt í þinginu um það bil 2.000 fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekanda og launafólks. Konur voru 262 eða 13% þingfulltrúa. Hlutfall þeirra hafði lækkað um 2 prósentustig frá 78. þinginu. Fleiri aðildarríki sendu fulltrúa til þingsins en nokkurn tíma áður eða samtals 151. Ástæðan er fjölgun aðildarríkja.

Forseti þingsins var kjörinn Portúgalinn Nascimento Rodrigues, forseti efnahags- og félagsmálaráðs Portúgals. Kjörnir voru varaforsetar úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu. Kosnir voru Solorzano Martinez, félags- og vinnumálaráðherra Gvatemala, Decosterd, fulltrúi atvinnurekanda í Sviss, og Mugalla fulltrúi launafólks í Keníu.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, sem var varamaður hans. Frá utanríkisráðuneyti: Kjartan Jóhannsson, sendiherra. Varamenn voru: Kristinn Árnason sendiráðunautur, Stefán Jóhannesson sendiráðsritari og Margrét Viðar fulltrúi. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúar launafólks: Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri ASÍ. Varamaður hans var Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður starfsmannafélagsins Sóknar. Fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skiptu með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður leysti aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans var liðinn.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun til næstu tveggja ára.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkt og tillagna.
4. Drög að alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda (síðari umræða).
5. Varnir gegn stórslysum í iðnaði (fyrrri umræða).
6. Starfsmenntun (almenn umræða).
7. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.
8. Tillögur til þingsályktunar.

Á þessu þingi varð sú breyting að fulltrúar þeirra þriggja hópa, sem aðild eiga að þinginu, komu saman til óformlegra funda daginn fyrir formlega setningu Alþjóðavinnumálapingsins. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Með þessum hætti gátu nefndastörf hafist mun fyrr en á fyrri þingum. Breytingin er liður í því að freista þess að stytta tímann sem vinnumálapingið er háð og gera starf þess skilvirkara. Samþykkt var stofnun eftirtalinnna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkt og tillagna, ályktunarnefndar, nefndar sem fjallaði um starfsmenntun í atvinnulífnum, nefndar sem hafði til umfjöllunar drög að alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda, nefndar um varnir gegn stórslysum í iðnaði, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkt, fjárhagsnefnd og ályktunarnefnd.

Sérstakur heiðursgestur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, og Alþjóðavinnumálapingsins var Fredrick Chiluba, forseti Sambú. Árið 1974 var hann kjörinn forseti alþjóðsambands Sambú og var fulltrúi launafólks í sendinefnd lands síns á Alþjóðavinnumálapinginu á árunum 1975 – 1990.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Umræðuefni á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins var að þessu sinni viðfangsefnið lýðræðisþróun og Alþjóðavinnumálastofnunin. Til grundvallar almennum umræðum var árleg skýrsla forstjóra til þingsins sem skiptist í tvo hluta. Í meginhluta skýrslunnar fjallaði forstjórinn um þróun í átt til lýðræðis sem átt hefur sér stað í ríkjum Austur-Evrópu og einnig annars staðar í heiminum og þátt alþjóðastofnana í þessari þróun. Í öðrum hluta skýrslunnar var einkum gerð grein fyrir hlutverki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að því er varðar það að styrkja lýðræðið í sessi og auka virðingu fyrir grundvallarmannréttindum, vinnumál og markaðsbúskap, þríhliðasamstarfið og réttinn til að semja um kaup og kjör. Skýrslan var góður grunnur fyrir umræður um þetta mikilvæga málefni.

Um það bil 300 ræðumenn tóku að þessu sinni til máls í umræðunum og er það mesti skráði fjöldi í sögu Alþjóðavinnumálaþingsins. Af ræðumönnum voru 121 ráðherra. Þess má geta að árið 1991 var ræðutími á allsherjarþinginu stytur úr 15 mínútum í 10 mínútur. Ef þetta hefði ekki verið gert hefði þingið að öllum líkindum staðið a.m.k. degi lengur en raun varð á. Virðingin fyrir mannréttindum og framkvæmd þeirra var kjarninn í flestum þeim ræðum sem fluttar voru undir þessum dagskrárlíð þingsins.

Á síðustu dögum þingsins flytur forstjóri ILO, Michel Hansenne, ræðu þar sem hann dregur saman helstu atriði sem fram koma í ræðum þingfulltrúa. Í ræðu sinni á 79. vinnumálaþinginu vakti forstjórinn athygli á því að nú væru tímar breytinga sem gæfu ýmis tækifæri en jafnframt ríkti mikil óvissa í alþjóðastjórnámálum. Þar af leiðandi væri mikilvægt að Alþjóðavinnumálastofnunin stæði vörð um grundvallarmarkmiðin sem sett eru fram í stofnskránni: lýðræði, réttlæti og samstöðu.

Hansenne vakti á því athygli að ef lýðræði ætti að hafa eitthvert inntak yrði efnhagslegt og félagslegt réttlæti að tengjast stjórnámálalegu frelsi. Hann viðurkenndi að breitt bil væri á milli yfirlýstra markmiða og hins kalda raunveruleika í heiminum.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Í kjörbréfanefnd eiga einungis sæti þrír fulltrúar. Hún er þar með fámennasta nefnd þingsins. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu eftirtaldir sæti í nefndinni: Perz del Castillo, ríkisstjórnarfulltrúi frá Úrúgvæ, formaður. Enn fremur sátu í nefndinni Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Grey, fulltrúi launafólks í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Að þessu sinni fjallaði nefndin um kærur vegna fulltrúa launafólks í sendinefndum frá El Salvador, Japan, Kóreu, Marokkó, Súdan og Tékkóslóvakíu. Kært var vegna ráðgjafa launafólks í sendinefnd Malasíu og enn fremur vegna fulltrúa atvinnurekenda í sendinefndum frá Gíneu, Kamerún, Grænhöfðaeyjum, Myanmar, Nepal, Níkaragva, Paragvæ, Rúmeníu, Tælandi og Tógó.

Yfirleitt fjalla kærurnar um það að ekki hafi verið rétt staðið að vali fulltrúa í sendinefndirnar. Í stofnskránni er kveðið á um rétt helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks til að senda fulltrúa á þingið. Stundum er ekki ljóst hvaða samtök geta gert tilkall til að eiga fulltrúa í sendinefndum á Alþjóðavinnumálaþinginu og verður það tilefni deilna.

Fastafulltrúi Evrópubandalagsins sendi forseta þingsins bréf þar sem fram kom fyrirvari við kjörbréf fulltrúa Júgóslavíu á þinginu. Bréfið var lesið upp á allsherjarþinginu fyrsta þingdaginn. Bandarísk stjórnvöld sendu hliðstætt bréf. Fulltrúar annarra vestrænna ríkja kusu að bíða niðurstöðu kjörbréfanefndar. Hún varð sammála um að telja öll fram komin kjörbréf gild. Þegar nefndin er sammála er niðurstaða hennar afgreidd án umræðu af allsherjarþinginu.

2.4. FJÁRMÁL

Alþjóðavinnumálaþingið, sem haldið var árið 1991, hafði samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árin 1992 og 1993 að upphæð 405,7 milljónir Bandaríkjadala. Nokkur átök áttu sér stað við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar en hún var að lokum afgreidd með öllum greiddum atkvæðum. Að þessu sinni var starfið í nefndinni, sem í eiga sæti einungis fulltrúar ríkisstjórna, tiltölulega rólegt. Nefndin fjallaði um skýrslu stjórnarnefndar og forstjóra um framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar. Hún gaf ekki tilefni til neinna sérstakra viðbragða af hálfu nefndarinnar. Raunar má segja að meginviðfangsefni fjárhagsnefndar hafi verið að ræða ósk frá ríkisstjórn Paragvæ um að öðlast atkvæðisrétt á þinginu. Landið hafði greitt tilskilið árgjald en nokkrum dögum of seint. Samþykkt var einróma að Paragvæ fengi rétt til að greiða atkvæði.

Einnig var fjallað um upphæð árgjalda tveggja nýrra aðildarríkja. Þingið samþykkti tillögu nefndarinnar um að árgjald Kóreu á árinu 1992 verði 0,68% af heildarárgjöldum aðildarríkjanna og árgjald Víetnams verði vegna sama árs 0,01%. Loks var ákveðið að fresta ákvörðun um árgjald Aserbajdsjans, Eistlands, Kírgistans, Lettlands, Litáens og Slóveníu til Alþjóðavinnumálaþingsins 1993.

Þess skal getið að hlutdeild Íslands í árgjöldunum er 0,03%. Árgjald Íslands á árinu 1993 verður samkvæmt því 94.039 svissneskir frankar.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar er fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu í nefndinni 178 fulltrúar með atkvæðisrétt; 92 fulltrúar ríkisstjórna, 26 fulltrúar atvinnurekenda og 60 fulltrúar launafólks. Auk þess sátu 146 áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar. Samtals áttu 26 alþjóðasamtök áheyrnarfulltrúa í henni. Þannig sátu oft á tíðum um 350 fulltrúar nefndafundi.

Formaður var kosinn Max Rod, fulltrúi ríkisstjórnar Hollands. Hann er fyrrverandi innanríkisráðherra og núverandi prófessor í alþjóðlegum vinnurétti við háskólann í Leiden í Hollandi. Max Rod gegndi formennsku í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar árið 1990.

Varaformenn voru kosnir þeir sömu og undanfarin vinnumálaþing: Alfred Wisskirchen, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Willy Peirens, fulltrúi launafólks í Belgíu. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Gylfi Kristinsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Þráinn Hallgrímsson.

Umræður í nefndinni byggja á skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tillagna. Skýrsla sérfræðinganna til vinnumálaþingsins hefur vaxið mjög að umfangi síðustu árin. Að þessu sinni var hún 578 blaðsíður. Í skýrslunni gerir sérfræðinganefndin almennt grein fyrir framvindu mála varðandi framkvæmd samþykktar og tillagna sem hafa verið afgreiddar af alþjóðavinnumálaþinginu. Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um framkvæmd einstakra aðildarríkja á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Einnig er að finna upplýsingar um það hvernig aðildarríkin uppfylla aðrar skuldbindingar, t.d. þá að kynna fyrir löggjafarsamkomu samþykktir alþjóðavinnumálaþingsins og hvort alþjóðavinnumálaaskrifstofunni í Genf hafa borist skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar eins og áskilið er í stofnskrá ILO.

Störf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktar hefst á umræðum um almenna hluta skýrslu sérfræðinganna. Yfirleitt eru fulltrúar ríkisstjórna í meiri hluta ræðumanna sem taka þátt í þessum hluta nefndarstarfsins. Flestir gerðu að umtalfefni skoðanaskipti sem hafa átt sér stað um hlutverk annars vegar þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar og hins vegar sérfræðinganefndar ILO. Einnig var fjallað um fjölda fullgildinga, skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar og nokkur önnur atriði sem fram koma í almenna hluta skýrslunnar. Í þessum hluta nefndarstarfsins var enn fremur rætt um úttekt sérfræðinganna

á framkvæmd tveggja alþjóðasamþykktu, nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs, og samþykkt og tillögur um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun. Að afloknum umræðum um þessi atriði hófst athugun á framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni hafði að þessu sinni orð fyrir fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda í almennum umræðum. Hann hóf ræðu sína á því að vekja athygli á að tímafrekar deilur, sem áttu sér stað á milli fulltrúa í nefndinni um að taka verði tillit til þjóðfélagsgerðar við mat á framkvæmd alþjóðasamþykktu, hefðu hljóðnað. Þetta hefði gert starf nefndarinnar mun skilvirkara en áður. Hann benti á að í skýrslu til Alþjóðavinnuumálapingsins um framkvæmd alþjóðasamþykktu legðu sérfræðingarnir áherslu á mikilvægi skoðanaskipta í þingnefndinni sem þeir kváðust taka tillit til við túlkun á framkvæmd alþjóðasamþykktu. Hann fagnaði þessum ummælum sérfræðinganna og taldi þetta viðhorf mun árangursríkara en þá leið sem felst í 2. mgr. 37. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar. Samkvæmt málsgreininni getur stjórnarnefnd ILO skipað gerðardóm til að leysa ágreining sem kann að ríkja á milli einstakra aðildarríkja og sérfræðinganevndar ILO um túlkun á alþjóðasamþykktum. Bent var á mikilvægi þess að starfsmenn hlutaðeigandi deilda alþjóðavinnuumálastofnunar taki þátt í samningu nýrra alþjóðasamþykktu. Vakin var athygli á því viðhorfi Norðurlandanna að alþjóðasamþykktir séu það rúmar að þjóðir á ólíku þróunarstigi geti fullgilt þær. Vísað var til alþjóðasamþykktar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og því lýst yfir að aukning atvinnu og aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi væru forgangsverkefni.

Fulltrúi Íslands lagði áherslu á mikilvægi þess að Alþjóðavinnuumálastofnunin taki virkan þátt í undirbúningi alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindamál sem haldin verður árið 1993 í Vínarborg. Enn fremur kom fram í máli hans að þátttaka fulltrúa ILO í endurskoðun ákvæða í félagsmálasáttmála Evrópu hafi verið mikilvæg.

Í niðurlagi ræðunnar var vakin athygli á sívaxandi vanda sem aðildarríkin eiga við að stríða í sambandi við það að senda skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktu til alþjóðavinnuumálastofnunar fyrir tilskilinn skilafrest sem er 15. október. Lagt var til að ósk um skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktu verði send aðildarríkjunum fyrr en nú tíðkast.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Stærsti hluti starfa þingnefndar, sem fjallar um framkvæmt aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum, fer í að ræða athugasemdir sem sérfræðinganevndin gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar eða í samþykktum sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnuumálapinginu. Athugasemdirnar eru í árlegri skýrslu sérfræðinganevndarinnar til Alþjóðavinnuumálapingsins. Þar sem athugasemdirnar eru mun fleiri en nokkur kostur er að taka til umfjöllunar á þinginu vinnur þingnefndin eftir skrá yfir mál sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin verði til athugunar í nefndinni. Þessi skrá hefur lengst með hverju ári. Á 79. þinginu voru tæplega 60 mál á skránni. Athugasemdirnar eru af ýmsu tagi. Vel er fylgst með því að nýjar alþjóðasamþykktir séu kynntar löggjafarsamkomum aðildarríkjanna innan tilskilins frests sem er eitt ár og í undantekningartilvikum 18 mánuðir. Aðildarríkin eru krafín skýringa á því ef um óhóflegan drátt er að ræða á samningu skýrslna um framkvæmd fullgilttra alþjóðasamþykktu. Sérstök áhersla er lögð á skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktu nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi, en þær eru taldar meðal grundvallar-samþykktu ILO.

Enda þótt flestar athugasemdirnar í skýrslu sérfræðinganna séu neikvæðar er þess getið sem vel er gert. Í skýrslunni er ætíð birt skrá yfir ríki sem hafa sýnt í verki að þau hafa

tekið tillit til ábendinga sérfræðinganna. Að þessu sinni voru á skránni 30 aðildarríki, þar á meðal Ísland, auk fjögurra sjálfstjórnarsvæða.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum alþjóðasamþykktá sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja til verknaðarins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktá til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Á þinginu 1992 hlaut Súdan þennan vafasama heiður. Það var vegna meintra brota á alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Í umsögn þingnefndarinnar var sérstaklega til þess tekið að sérfræðinganeftin hafði ekki getað fjallað um málefnið vegna þess að ríkisstjórn Súdan hafði látið hjá líða að senda ILO skýrslu þar sem hún gerði grein fyrir viðhorfum sínum til brotanna. Fulltrúi ríkisstjórnar Súdan mætti á fund þingnefndarinnar og neitaði ásökunum um að nauðungarvinna ætti sér stað í Súdan. Þrátt fyrir það samþykkti nefndin að skora á ríkisstjórnina að grípa þegar í stað til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir nauðungarvinnu.

Kæra sambands breskra verkalyðsfélaga, TUC.

Svonefnt Cheltenham-mál er farið að verða meðal fastra dagskrárliða á Alþjóðavinnu-
málaþinginu. Það fjallar um kæru frá Sambandi breskra verkalyðsfélaga (TUC) á hendur ríkisstjórn Stóra-Bretlands vegna brota á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Kjarni málsins er sá að breska ríkisstjórnin hefur sett reglur sem takmarka rétt starfsmanna í fjarskiptamiðstöðinni í Cheltenham á Englandi til að gerast félagar í því stéttarfélagi sem þeir sjálfir kjósa af fúsum og frjálsum vilja. Ástæða þessa er sú að breska ríkisstjórnin gat ekki sætt sig við að búa við óvissu sem felst í hugsanlegri hættu á verkföllum í fjarskiptamiðstöðinni sem er hluti af öryggiskeðju Norður-Atlantshafsbandalagsins þótt hún lúti ekki heraga. Þetta mál hefur komið til umfjöllunar nokkrum sinnum á vinnumálaþinginu og ætíð vakið mikla athygli eins og rakið var í skýrslu félagsmálaráðherra um 78. Alþjóðavinnumálaþingið 1991. Svo var einnig að þessu sinni.

Fyrir umfjöllun vinnumálaþingsins árið 1991 voru fulltrúar bresku ríkisstjórnarinnar og bresku stéttarfélaganna mjög virkir í að kynna málstað sinn fyrir öðrum þingfulltrúum. Sérstaklega voru fulltrúar vestrænna ríkja beittir miklum þrýstingi í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að Stóra-Bretlands yrði getið í sérstaka hluta skýrslu þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktá, sbr. það sem segir hér að framan um þau viðurlög. Í viðræðum, sem þá fóru fram, var bent á að réttur til aðildar stéttarfélags er tengdur við réttinn til að gera verkfall. Fulltrúar stéttarfélaganna lögðu ríka áherslu á það að ríkisstjórnin hefði haft að engu tilmæli vinnumálaþingsins árið 1989 um að taka upp viðræður með það að markmiði að finna lausn á þessu deilumáli. Engin hreyfing í tvö ár hefði gert brot ríkisstjórnarinnar mun alvarlegra en áður. Fulltrúar launafólks gáfu til kynna að þeir mundu óska eftir því að Stóra-Bretlands yrði getið í sérstaka hluta skýrslu þingnefndarinnar. Ef sú ósk hefði náð fram að ganga hefði það verið í fyrsta skipti sem vestrænt lýðræðisríki hefði hlotið þann áfellingisdóm.

Fulltrúi ríkisstjórnar Stóra-Bretlands hélt ítarlega ræðu í nefndinni og rakti afstöðu stjórnvalda til þessa deilumáls. Fulltrúi launafólks hélt einnig ræðu þar sem gerð var grein fyrir að þetta mál væri litið mjög alvarlegum augum. Hann kvaðst hafa veitt því sérstaka athygli að í ræðu fulltrúa bresku ríkisstjórnarinnar hefði verið gefið til kynna að ríkisstjórnin væri þrátt fyrir allt reiðubúin til að taka upp viðræður að nýju við TUC í því skyni að leita lausna á árgreiningsefnum. Þar af leiðandi mundu fulltrúar launafólks á þinginu að þessu

sinni ekki gera kröfu um að Alþjóðavinnumálaþingið fordæmdi framgöngu breskra stjórnvalda í málinu. Niðurstaðan varð þar með sú að þingið samþykkti að beina þeim eindregnu tilmælum til bresku ríkisstjórnarinnar að hún taki upp viðræður við TUC og gefi skýrslu þegar á næsta vinnumálaþingi um framvindu málsins. Þingið samþykkti einnig að lýsa yfir óánægju sinni með það hvernig bresk stjórnvöld hefðu haldið á þessu ágreiningsmáli.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Í skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er á nokkrum stöðum að finna athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Hér fer efnislega samantekt á helstu athugasemdum sem fram koma í skýrslunni:

Alþjóðasamþykkt nr. 98, um réttinn til að semja sameiginlega.

Í skýrslunni segir að nefndin gefi gaum að skýrslu ríkisstjórnarinnar og athugasemdum Alþýðusambands Íslands. Einnig að hún gefi gaum að því að eftir samningaviðræður milli aðila vinnumarkaðarins hafi verið gerður samningur um kaup og kjör í febrúar sem skyldi gilda til september 1991. Í samningnum sé að finna ákvæði um sérstaka kjaranefnd með aðild Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, en ríkisstjórnin telji það ákvæði eitt hið mikilvægasta í samningnum. Þessi nefnd virðist hafa meginhlutverki að gegna við gerð almennra kjarasamninga þar eð hún hefur vald til að hækka laun, miðað við tilteknar forsendur, þótt svo virðist sem hún verði að leita samþykkis fyrir ákvörðunum sínum.

Nefndin lýkur athugasemdum sínum með því að fara þess á leit við ríkisstjórnina að hún fái upplýsingar um störf og ákvarðanir kjaranefndarinnar í næstu skýrslu.

Alþjóðasamþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Fram kemur að nefndinni þykir áhugaverðar ítarlegar upplýsingar í skýrslum og gögnum frá ríkisstjórn Íslands í tengslum við samþykktir nr. 100 og 111. Orðrétt segir svo í skýrslu sérfræðinganefndarinnar:

„1. Í fyrri beinu beiðni sinni hafði nefndin óskað eftir því að ríkisstjórnin gæfi upplýsingar um hvers konar aðgerðir í kjölfar könnunar Þjóðhagsstofnunar árið 1989 á launamun karla og kvenna. (Í könnuninni hafði komið í ljós að þótt 38% starfsmanna í fullu starfi árið 1986 væru konur var hlutdeild þeirra í atvinnutekjum aðeins 28% af atvinnutekjum starfsmanna í fullu starfi. Enn fremur hafði munur á atvinnutekjum karla og kvenna minnkað aðeins örlítið á undanförunum árum. Meðalatvinnutekjur kvenna voru u.þ.b. 60% af meðalatvinnutekjum karla. Þessi munur var mest áberandi þegar laun beggja kynja voru hæst, milli 35 og 50 ára aldurs; meðalatvinnutekjur kvenna fóru þá allt niður í 45% af meðalatvinnutekjum karla.)

Í skýrslu sinni bendir ríkisstjórnin á að sérfræðinga greini á um orsakir þessa launamunar; sumir þeirra hafi bent á meiri menntun, starfsþjálfun og lengri starfsreynslu karla. Hins vegar bendir ríkisstjórnin á að skýringin um menntun eigi ekki við um ómenntaða starfsmenn og meiri starfsreynsla sé ekki haldbær skýring á launamun í lægri aldursflokkum því ekki sé lengur um það að ræða að konur á barneignaraldri streymi í stórum stíl út af vinnumarkaðnum. Ríkisstjórnin lýsir þungum áhyggjum sínum vegna þessa ástands og tilgreinir ýmsar ráðstafanir sem hún hefur gert til að hrinda í framkvæmd ákvæðum laga þess efnis að „konur og karlar skuli hljóta sömu laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. (Þetta ákvæði hefur, með litlum breytingum, verið hluti af þeim jafnréttislagum sem samþykkt hafa verið síðan 1976; og það er enn áréttað í 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, nr. 28/1991.)

2. Nefndinni þykja áhugaverðar þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gert í þessu sambandi, m.a.:

- (i) Samþykkt ofangreindra laga nr. 28/1991, en ákvæðum þeirra laga er lýst í athugasemdum nefndarinnar í tengslum við samþykkt nr. 111.
- (ii) Samþykkt annarrar fjögurra ára framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að tryggja jafnrétti kynjanna (1991–1994), en þar er m.a. lögð áhersla á ráðstafanir til að stuðla að jafnrétti kynjanna í skólakerfinu, jafnrétti kvenna og karla til launa og bættri stöðu kvenna á vinnumarkaði og í strjálbýli. Nefndinni þykir athyglisvert að meðal sérstakra verkefna, sem tilgreind eru í því skyni að hrinda áætluninni í framkvæmd, er ætlunin að gera könnun á launum og hlunnindum kvenna og karla í fimm stórum ríkisstofnunum, t.d. á sviði heilbrigðis- og menntamála.
- (iii) Þátttaka ríkisstjórnarinnar í ýmsum áætlunum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, m.a. Bryt-verkefninu (1985–1989), þar sem ætlunin er að móta og prófa aðferðir til að útrýma kynjamisrétti á vinnumarkaði. Sem hluti af framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar um norræna samvinnu um jafnrétti kvenna og karla (1989–1993) hefur verið hafist handa um fimm ára jafnlaunaverkefni í því skyni að sýna fram á tölfræðileg tengsl í fyrirliggjandi gögnum um misrétti kvenna og karla til launa í því skyni að finna orsakir þess og gera tillögur um ráðstafanir til að ryðja úr vegi hindrunum fyrir jöfnum launum.
- (iv) Að koma á fót jafnréttisáætlun í u.þ.b. 50 ríkisstofnunum í þeim tilgangi að auka hlut kvenna í ábyrgðarstöðum og bæta laun þeirra.

3. Nefndinni þykir áhugavert að eftir að almennir kjarasamningar höfðu verið gerðir milli Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Reykjavíkurborgar 1989 skipuðu aðilar vinnumarkaðarins viðræðunefnd til að kanna hvaða breytingar hafi orðið varðandi launamun, hvaða ástæður liggi að baki honum og hvernig draga megi úr honum. Nefndin hefur einnig gefið gaum að því ákvæði um endurskoðun á starfsmati sem var í almennum kjarasamningum milli sveitarfélaga og BSRB og að það hefur leitt til endurskoðunar starfsmats í róskum helmingi þeirra sveitarfélaga sem áttu aðild að samningunum. Hvatinn að þessari ráðstöfun var augljós launamunur milli starfsmanna einkafyrirtækja og starfsmanna hins opinbera, en ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún voni að þessi endurskoðun hafi komið konum til góða.

4. Nefndin væri þakklát ef ríkisstjórnin héldi áfram að veita henni upplýsingar í skýrslum sínum í framtíðinni um þann árangur sem náðst hefur vegna ofangreindra aðgerða og annarra ráðstafana til að draga úr launamun milli kvenna og karla.”

Alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.

Í allmörg ár hefur sérfræðinganeftndinni orðið tíðrætt um framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Það er einkum ákvæði 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, sem nefndin hefur gagnrýnt. Í skýrslu sérfræðinganna kemur fram að nefndin hafi gefið því gaum þeirri ánægjulegu breytingu að 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, þar sem kveðið var á um að skipverji, sem gerði sig sekan um óhlýðni eða neitaði að hlýða fyrirskipunum, ætti yfir höfði sér fangelsisdóm, var felld niður með lögum nr. 53/1990.

Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.

Í athugasemdum sérfræðinganeftndarinnar segir að hún hafi um margra ára skeið gefið gaum að þeim ráðstöfunum sem Íslendingar hafa gripið til síðan 1976 þegar fyrstu lögin um jafnrétti kynjanna voru sett á Íslandi. Síðan segir orðrétt:

„1. Nefndinni þykir áhugaverð samþykkt laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, þar sem: sérstakri kærunefnd eru falin jafnréttismál, en jafnréttisráð skal m.a. sjá um að stuðla að framgangi laganna, móta stefnu og vera til ráðuneytis; sönnunarskyldunni er snúið við í málum sem lögð eru fyrir kærunefnd jafnréttismála með því að skylda vinnuveitanda til að sanna að kynferði hafi ekki skipt máli í málum sem varða meint brot á réttindum samkvæmt lögnum; félagsmálaráðherra er falið að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun um jafnréttismál; mælt er fyrir um skipun jafnréttisnefndar í sveitarfélögum með meira en 500 íbúa, en hlutverk hennar skal vera að fjalla um jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laganna; og þar sem kveðið er nánar á um hlutverk og tengsl félagsmálaráðuneytisins, jafnréttisráðs og jafnréttisnefndar í hverju byggðarlagi.

Nefndin óskar þess að ríkisstjórnin gefi í næstu skýrslu sinni upplýsingar um framkvæmd laganna og einkum störf kærunefndar jafnréttismála og jafnréttisnefnda í hinum einstöku byggðarlögum.

2. Nefndinni þykir einnig áhugaverð samþykkt annarrar fjögurra ára framkvæmda-áætlunar ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að tryggja jafnrétti milli kynjanna (1991–94). Í áætluninni er viðurkennd skylda ríkisstjórnarinnar til að hafa frumkvæði og ganga á undan með góðu fordæmi og lögð áhersla á skyldur ráðherra og ráðuneyta til að stuðla að jafnrétti kvenna og karla, hverra á sínu sviði. Nefndin gefur gaum að því að þær tillögur, sem gerðar hafa verið samkvæmt áætluninni til hlutaðeigandi ráðuneyta, snerta ráðstafanir til að stuðla að jafnrétti karla og kvenna á öllum stigum menntakerfisins, launakjör karla og kvenna, bættu stöðu kvenna á vinnumarkaði og í strjálbýli og ýmis félagsleg réttindi. Meðal þessara tillagna þykja nefndinni áhugaverðar tillögur um stofnun starfshóps um stöðu karla í breyttu samfélagi með aukinni áherslu á jafna skiptingu starfa og ábyrgðar á uppeldi barna (2.1); löggjöf um starfsmenntun (2.7); sérstök námskeið fyrir konur sem starfa hjá ríkinu (3.1); konur sem starfa í iðnaði (7.1, 7.2); konur í landbúnaði (8.1, 8.2); stofnun starfshóps um jafnrétti í skólum (9.3); svo og stöðu kvenna í tilteknum atvinnugreinum, svo sem við bankastörf.

Nefndin óskar þess að ríkisstjórnin gefi henni upplýsingar í næstu skýrslu sinni um framkvæmd áætlunarinnar og einkum þeirra tillagna sem getið var hér að framan.

2.6. VERND LAUNAKRAFNA VIÐ GJALDÞROT ATVINNUREKANDA

Á dagskrá þingsins var síðari umræða um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um vernd launakrafna þegar atvinnurekandi verður gjaldþrota.

Í starfi nefndarinnar tóku þátt 170 fulltrúar, þar af voru 66 fulltrúar ríkisstjórna, 48 fulltrúar atvinnurekenda og 56 fulltrúar launafólks.

Nefndin kaus á fyrsta fundi sínum Maria Elena Cabrera Armas, ríkisstjórnarfulltrúa frá Venesúela, formann. Varaformenn voru kosnir Varela Traverso, fulltrúi atvinnurekenda í Úrúgvæ, og Leon Lynch, fulltrúi launafólks í Bandaríkjunum. Ritari var Katherine Moynihan, fulltrúi ríkisstjórnar Kanada. Af hálfu Íslands tóku þátt í starfi nefndarinnar Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon.

Starfið í nefndinni einkenndist af vilja til að ná árangri. Af því leiddi að ágreiningur um drög að orðalagi alþjóðasamþykktar og tillögu var tiltölulega líttill. Fulltrúar atvinnurekenda voru samt ónægðir og vöktu athygli á því að svo virtist sem bandalag væri á milli fulltrúa launafólks og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja Evrópubandalagsins. Þeir töldu því erfitt að fá undirtektir við tillögur sínar meðal annarra ríkisstjórnarfulltrúa. Enn fremur bentu þeir á að ríkisstjórnarfulltrúar bandalagsins greiddu allir eins atkvæði.

Við upphaf almennra umræðna í nefndinni lagði formaðurinn, Cabrera Armas, áherslu á mikilvægi þess fyrir launafólk alls staðar í heiminum að takast mætti að ná samkomulagi

um alþjóðasamþykkt um vernd launakrafna við gjaldþrot atvinnurekanda. Hún lýsti þeirri von sinni að hægt yrði að ná samkomulagi um orðalag sem veitti launafólki nauðsynlega vernd.

Talsmenn atvinnurekenda lögðust eindregið gegn afgreiðslu samþykktar um þetta efni. Röksemd þeirra var að alþjóðasamþykkt væri ekki nægilega sveigjanleg þannig að hægt yrði að taka tillit til breytilegra aðstæðna í framtíðinni. Vakin var athygli á þeirri staðreynd að fá ríki hafa fullgilt nýrri samþykktir ILO. Þar af leiðandi skorðu fulltrúar atvinnurekenda á aðra nefndarmenn að falla frá hugmyndum um afgreiðslu samþykktar. Einnig var bent á að forgangsréttur launakrafna gæti orðið þrándur í götu fjármögnunar á nýjum fjárfestingum og það kæmi í veg fyrir fjölgun starfa. Atvinnurekendur voru einnig þeirrar skoðunar að stofnun ábyrgðarsjóðs ætti að eiga sér stað í samræmi við löggjöf og venju í hlutaðeigandi aðildarríki og eftir samráð við hlutaðeigandi aðila. Almennar reglur um stofnun slíks sjóð ættu því einungis að vera í tillögu.

Talsmenn launafólks minntu á það að 78. Alþjóðavinnuálagningið hefði samþykkt að stefnt skyldi að afgreiðslu alþjóðasamþykktar og tillögu um vernd launakrafna. Bent var á að alþjóðasamþykktin fjallaði um efni sem oft er afleiðing af markaðsbúskap, þ.e. gjaldþrot. Fulltrúar launafólks lögðu áherslu á að þar sem markaðsbúskapur er ráðandi eru athafnamenn hvattir með margvíslegum hætti til að taka áhættu en kostnaður við slíka áhættu fellur oft á launafólk. Bent var á að félagslegar afleiðingar gjaldþrota, sem hefur fjölgað mjög mikið, eru alvarlegar. Ræðumenn töldu ýmsar ástæður fyrir fjölgun gjaldþrota, t.d. endurskipulagningu atvinnulífsins, ný fyrirtækjaform og afnám ýmissa reglugerða sem hafa leitt til aukinnar samkeppni.

Helstu ákvæði samþykktarinnar.

Niðurstaða nefndarinnar, sem fjallaði um drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um vernd launakrafna við gjaldþrot atvinnurekanda, var sú að gera minni háttar breytingar á drögum sem 78. Alþjóðavinnuálagningið afgreiddi. Í því felst að alþjóðasamþykktin, sem þingið sameinaðist um að lokum, er í þremur hlutum.

Í fyrsta hlutanum er að finna almenn ákvæði. Þar er hugtakið *gjaldþrot* skilgreint þannig í 1. gr. að það eigi við þær aðstæður að mál, sem snertir eigur atvinnurekanda, hafi verið höfðað í því skyni að fullnægja sameiginlega kröfum lánardrottna samkvæmt lögum og venjum tiltekins aðildarríkis. Rétt er að vekja á því athygli að í fyrstu drögum var talað um eigur atvinnufyrirtækis. Við aðra umræðu var þessu breytt að kröfu fulltrúa launafólks og margra ríkisstjórnarfulltrúa þannig að í samþykktinni er ætíð talað um eigur atvinnurekanda. Í 3. gr. er kveðið á um það að aðildarríki geti annaðhvort fullgilt þann hluta samþykktarinnar sem fjallar um að vernd launakrafna felist í því að þær skuli ganga fyrir almennum kröfum í bú atvinnurekanda eða valið að stofna ábyrgðarsjóð sem ábyrgist launakröfur. Við síðari umræðu var tekið upp ákvæði í greinina um að aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skuli tilkynna hvora leiðina það skuldbindur sig til að fara. Það getur einnig skuldbundið sig til að fylgja báðum leiðunum. Fjórða greinin gerir aðildarríki kleift að undanskilja tiltekna hópa frá þeirri vernd sem felst í alþjóðasamþykktinni. Í þessu sambandi eru opinberir starfsmenn sérstaklega tilgreindir en einnig er átt við aðila sem eðli máls er rétt að undanskilja frá gildissviði samþykktarinnar, t.d. vegna tengsla eða vensla við atvinnurekanda.

Annar hluti samþykktarinnar er um vernd launakrafna með því að veita þeim forgang umfram almennar kröfur. Um það er fjallað í 5. gr. Í 6. gr. er nánar kveðið á um það hvaða kröfur njóta verndar og þann tíma sem verndin tekur til. Þannig er lágmarkstíminn að því er varðar launakröfur miðaður við þrjá mánuði fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda. Ákvæðinu var ekki breytt á milli 1. og 2. umræðu. Hins vegar voru átök um b-lið 6. gr. þar sem fjallað er um kröfur vegna ógreidds orlofs. Í fyrstu drögum var vernd

krafna vegna orlofsgreiðslna einnig miðuð við þrjá mánuði. Fram komu breytingartillögur sem allar miðuðu að því að lengja þennan tíma. Niðurstaðan er sú að kröfur um áunnið orlof vegna vinnu á því ári þegar atvinnurekandi varð gjaldþrota eða á næsta ári á undan njóta verndar. Í 8. gr. er fjallað um röðun forgangskrafna. Tekið er fram að landslög eða reglugerðir skulu veita launakröfum forgangsrétt umfram flestar aðrar forgangskröfur, einkum kröfur ríkisins og almannatryggingakerfisins.

Þriðji hluti samþykktarinnar er um ábyrgðarsjóð til verndar launakröfum starfsmanna. Tekið er fram að markmið ábyrgðarsjóðsins skuli vera það að tryggja greiðslu launakrafna starfsmanns á hendur atvinnurekanda ef hann getur ekki staðið í skilum vegna gjaldþrots. Samkvæmt 11. gr. hefur aðildarríki mjög rúmar heimildir til að ákveða skipulag, stjórnun, rekstur og fjármögnun ábyrgðarsjóðs eða launatryggingarsjóðs. Í því sambandi er vísað til 2. gr. samþykktarinnar en þar er tekið fram að ákvæðum skuli beitt með landslögum eða reglugerðum eða öðrum viðeigandi hætti sem samrýmist venjum í hverju landi. 12. gr. hefur að geyma upptalningu á kröfum sem skuli tryggðar af tryggingarsjóðnum. Í greininni er einnig tilgreind lágmarkstímalengd sem kröfurnar njóta verndar. Í þingnefndinni var ekki ágreiningur um kröfur sem skyldu njóta verndar. Hins vegar var tekist á um fresti. Fram komu tillögur um að miða lágmarkstímann við átta vikur og allt að sex mánuði. Niðurstaðan varð sú að launakröfur vegna tiltekins tímabils, sem er ekki styttra en átta vikur fyrir gjaldþrot, njóta verndar. Kröfur vegna áunnins orlofs vegna vinnu, sem innt var af hendi á tilteknu tímabili sem ekki er styttra en sex mánuðir fyrir gjaldþrot njóta verndar. Samkvæmt 13. gr. er heimilt að takmarka upphæð krafna sem njóta, verndar samkvæmt þessum hluta samþykktarinnar. Samþykktin í heild er birt sem fylgiskjal I.

Í tillögunni, sem er birt sem fylgiskjal II, er að finna nánari útfærslu á ákvæðum samþykktarinnar.

Um efni samþykktarinnar gilda á Íslandi lög nr. 52/1992, um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota. Í lögnum er byggt á báðum leiðum samþykktarinnar. Í 1. gr. laganna er kveðið á um stofnun ábyrgðarsjóðs launa vegna gjaldþrota. Hlutverk sjóðsins er að ábyrgjast kröfu launafólks og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalds á hendur atvinnurekanda við gjaldþrot. Í II. kafla laganna er á því byggt að kröfur, sem njóta verndar ábyrgðarsjóðsins, hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur í bú atvinnurekanda samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum. Þessar kröfur eru taldar upp í 5. gr. laganna. Samanburður á lögum nr. 52/1992 og efni samþykktarinnar leiðir í ljós að reglurnar eru að flestu leyti hliðstæðar.

2.7. VARNIR GEGN STÓRSLYSUM Í IÐNAÐI

Á þinginu var málefnið varnir gegn stórslysum í iðnaði til fyrri umræðu. Forsaga þess að stjórnarnefnd ILO ákvað á sínum tíma að taka þetta málefni til umfjöllunar var heimsókn og ræða Rajiv Gandhi, fyrrverandi forsætisráðherra Indlands, á 71. Alþjóðavinnu- og atvinnuárinu 1985. Í ræðu sinni á vinnu- og atvinnuárinu fjallaði Gandhi m.a. um iðnaðarslysið í Bhopal á Indlandi og hættur sem fólvar eru í umhverfi þess iðnverkafólks sem vinnur við hátækni- iðnað. Forsætisráðherrann lagði til að alþjóðastofnanir, þar á meðal Alþjóðavinnu- og atvinnuárinu, tækju höndum saman til að hindra að atburðirnir í Bhopal gætu gerst aftur. Markmiðið með umfjöllun alþjóðavinnu- og atvinnuárinu um þetta málefni er afgreiðsla samþykktar og tillögu þar sem settar eru fram leiðbeiningarreglur sem draga úr hættu á meiri háttar iðnaðarslysum og takmarka afleiðingar af slíkum slysum.

Sérstök þingnefnd fjallaði um þetta málefni og kaus hún sér sem formann ríkisstjórnarfulltrúa frá Indónesíu, Payaman Simandjuntak. Varaformenn voru kosnir C.K. Hyder, fulltrúi atvinnurekanda í Bangladess, og P. Aro úr hópi fulltrúa launafólks í Finnlandi. Á fyrsta fundi nefndarinnar áttu sæti 140 fulltrúar. Fulltrúi íslenskra stjórnvalda í nefndinni var Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins.

Fyrir nefndinni lágu drög að nýrri samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum sem undirbúin höfðu verið af alþjóðavinnuáskrifstofunni. Drögin voru samin á grundvelli niðurstöðu spurningakönnunar meðal aðildarríkja ILO.

Til afgreiðslu voru teknar á fundinum um 180 formlegar breytingartillögur við texta alþjóðavinnuáskrifstofunnar og voru þær allar afgreiddar. Eitt af því sem nefndin ræddi ítarlega og þurfti að taka afstöðu til var það hvort takmarka bæri gildissvið samþykkarinnar við verndun starfsmanna gegn slysum og heilsutjóni. Niðurstaða þessara umræðna varð sú að gildissvið samþykkarinnar ætti að vera víðtækara og taka einnig mið af verndun umhverfis og öryggis almennings. Þetta er gert með tilvísun til þeirrar stefnu í umhverfismálum sem mótuð hefur verið af Sameinuðu þjóðunum, að taka beri tillit til umhverfissjónarmiða við allt starf á vegum samtakanna, þar á meðal hjá stofnunum sem starfa á afmörkuðum sviðum eins og Alþjóðavinnuáskrifstofunin.

Annað atriði, sem miklar umræður urðu um í nefndinni, varðar upplýsingaskyldu atvinnurekenda til starfsmanna og trúnaðarmanna þeirra um hugsanlegar hættur sem kunna að stafa af starfsemi fyrirtækja.

Nefndin afgreiddi allar tillögur sem fyrir hana voru lagðar og samþykkti að lokum tillögu að nýjum drögum að alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum. 79. Alþjóðavinnuáskrifstofuáætlunin staðfesti niðurstöður nefndarinnar og samþykkti að á 80. þinginu 1993 verði málið tekið fyrir að nýju til endanlegrar afgreiðslu.

2.8. SKIPULAGSBREYTINGAR Á VINNUMARKAÐI OG STARFSMENNTUN

Það málefni sem Alþjóðavinnuáskrifstofunin hefur látið sig miklu skipta undanfarin ár eru skipulagsbreytingar á vinnumarkaði samfara hagnýtingu nýrrar tækni og starfsmenntun. Á 79. Alþjóðavinnuáskrifstofuáætlunin var þetta enn til umfjöllunar í einni af nefndum þingsins. Í starfi hennar tóku þátt samtals 145 fulltrúar, 60 ríkisstjórnarfulltrúar, 41 atvinnurekendafulltrúi og 44 fulltrúar launafólks.

Nefndin kaus Piotrowski, fulltrúa ríkisstjórnar Póllands, sem formann nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir Owuor, fulltrúi atvinnurekenda í Keníu, og Douglas, fulltrúi atvinnurekenda á Nýja-Sjálandi. Ritari nefndarinnar var valinn Björn Jonzon, fulltrúi ríkisstjórnar Svíþjóðar.

Alþjóðavinnuáskrifstofan hafði undirbúið starf nefndarinnar með margvíslegum hætti. Meðal annars hafði hún tekið saman skýrslu um aðlögun og aukna hæfni vinnuafslisins (Adjustment and Human Resources Development). Í skýrslunni er að finna gott yfirlit yfir fyrri skýrslur og ráðstefnur sem haldnar hafa verið á vegum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar um þetta málefni. Í henni er greint á milli menntunar og þjálfunar og vakin athygli á mismunandi áhrifum sem skipulagsbreytingar á vinnumarkaði hafa á þessi tvö form sem bæði hafa að markmiði að bæta verkmenntun og hæfi fólks á vinnumarkaði og raunar þess fólks sem stendur utan hans.

Margir ræðumenn luku lofsorði á skýrslu skrifstofunnar sem er aðgengileg, stuttur og markviss. Fram kom nokkur gagnrýni á fátæklega umfjöllun um efnahagslegan og persónulegan ávinning af meiri starfsmenntun og betri þjálfun. Það vakti nokkra athygli ræðumanna að ekki var í skýrslunni minnst einu orði á hina vel búnu starfsmenntamiðstöð sem Alþjóðavinnuáskrifstofunin rekur í Tórínó á Ítalíu. Að öðru leyti var umræðan heldur ómarkviss. Fulltrúar frá þróunarlöndum lögðu áherslu á fjárhagsaðstoð til að hrinda í framkvæmd áætlunum á sviði starfsmenntunar og þjálfunar. Nokkurs ótta virtist gæta hjá þessum fulltrúum við að iðnaðarlöndin beindu í of ríkum mæli aðstoð til ríkja í Austur-Evrópu.

2.9. ÞINGSÁLYKTANIR

Á Alþjóðavinnumálaþinginu er heimilt að leggja fram tillögur til þingsályktunar um önnur málefni en þau sem eru á dagskrá enda fjalli þau um málefni sem snerti starfssvið stofnunarinnar. Tillögur til þingsályktunar skulu hafa borist forstjóra alþjóðavinnumála-skrifstofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Um þessar tillögur er fjallað í ályktunarnefnd (Resolutions Committee) sem er ein af fastanefndum þingsins. Spenna í alþjóðamálum hefur oftast en ekki sett svip sinn á starf nefndarinnar. Undanfarin tvö ár hefur það verið átakalítið og aðildarríki hafa ekki lagt jafnmikla áherslu á þátttöku í starfi nefndarinnar sem hefur verið meðal þeirra fjölmennari. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu fundi hennar að jafnaði 168 fulltrúar. Fulltrúar ríkisstjórna voru 69, fulltrúar atvinnurekenda voru 45 og 54 voru fulltrúar launafólks.

Formaður ályktunarnefndar var kosinn fulltrúi ríkisstjórnar Uganda, Ejalu. Varaformenn voru Castle, atvinnurekendafulltrúi frá Stóra-Bretlandi, og Tapiola, fulltrúi launafólks í Finnlandi. Af hálfu Íslands tóku þátt í starfi nefndarinnar Stefán H. Jóhannesson, Gylfi Kristinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Nefndinni bárust samtals 10 tillögur til þingsályktunar. Norðurlöndin lögðu ekki fram tillögu að þessu sinni. Eftir athugun á efni tillagnanna voru nokkrar sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangsröð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Hlutverk fyrirtækja í aukningu atvinnu og framlag þeirra til að ná markmiðinu um fulla atvinnu og fjölga tækifærum til að velja sér starf af frjálsum og fúsum vilja (tillagan hlaut 559.226 vegin atkvæði).¹
2. Aukning atvinnu sem mikilvægs þáttar í þróun (346.544 vegin atkvæði).
3. Hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í að tryggja réttindi erlendra verkamanna og fjölskyldna þeirra (329.018 vegin atkvæði).
4. Lýðræðisþróun, nánari alþjóðleg efnahagssamvinna og samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins (316.561 vegin atkvæði).
5. Lausn deilna á vinnumarkaði (293.287 vegin atkvæði).

Ályktunin um hlutverk fyrirtækja í aukningu atvinnu var afgreidd á mjög skömmum tíma. Í henni er vísað til alþjóðasamþykktar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og til ályktunar sem samþykkt var árið 1987, um atvinnu og skipulagsbreytingar í atvinnulífínu. Samkvæmt ályktuninni er því beint til aðildarríkja ILO að þau leggi áherslu á stefnu sem miði að endurbótum á innra skipulagi sem stuðli að hagvexti, aukinni atvinnu og fjárfestingu.

Önnur þingsályktunartillagan, sem hlaut samþykki, er um aukningu atvinnu sem mikilvægs þáttar í þróun. Hún var samþykkt eftir nokkrar umræður og á henni voru gerðar nokkrar breytingar. Í henni eru ríkisstjórnir, og eftir því sem við á, samtök atvinnurekenda og launafólks, hvattar til að fylgja stefnu sem leiðir til fullrar atvinnu sem skilar arði og skapar aðstæður sem gerir það kleift að velja sér vinnu við hæfi af frjálsum og fúsum vilja. Áhyggjur yfir versnandi atvinnuástandi og samdrætti leyndu sér ekki í texta þessarar ályktunar. Í ljósi þess er í henni lögð rík áhersla á nauðsyn þess að móta samræmda stefnu í félags-, vinnu- og starfsmenntunarmálum til að aðstoða ungt fólk og einstaklinga, sem lengi hafa verið atvinnulausir, við það að verða á ný virkir þátttakendur í atvinnulífínu.

Þriðja þingsályktunartillagan er um hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í að stuðla að aukinni vernd til handa launafólki og fjölskyldna þess sem starfar fjarri heimahögum á erlendri grund. Ekki voru allir sáttir við þessa tillögu og tók afgreiðsla hennar umtalsverðan

1) Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda þingfulltrúa.

tíma. Margar breytingartillögur komu fram og varð niðurstaðan stuttorð ályktunartillaga sem beint er til ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins þar sem lögð er áhersla á tvö atriði. Í fyrsta lagi er því beint til þessara aðila að þeir sjái til þess að vinnuskilyrði erlendra starfsmanna séu í samræmi við kröfur sem gerðar eru í alþjóðasamþykktum ILO, einkum samþykktum um félagafrelsi og jafnræði. Einnig er varað við kynþáttahatri og hvatt til baráttu gegn því. Annað atriði er fræðsla erlendra starfsmanna um réttindi sín og skyldur. Lagt er til að þessi fræðsla verði veitt, ef unnt er, á móðurmáli starfsmannsins.

Ekki tókst að þessu sinni að afgreiða fleiri tillögur.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI

Á 79. Alþjóðavinnuálagningu var fjallað um nokkur önnur málefni en þau sem lýst hefur verið hér að framan. Nefna má:

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Mörg undanfarin ár hefur stefna stjórnvalda í Suður-Afríku í kynþáttamálum verið fastur dagskrárliður á Alþjóðavinnuálagningu. Um þetta efni hefur verið fjallað í sérstakri nefnd og hefur tala nefndarfulltrúa verið takmörkuð við 50, þ.e. 20 fulltrúa ríkisstjórna, 10 fulltrúa atvinnurekenda og 10 fulltrúa launafólks. Vinnuáráðherra Simbabwe, Nkomo, var kosinn formaður nefndarinnar. Vandamál nefndarinnar fólst í því að skapa einingu um ályktun, einkum í ljósi þeirrar jákvæðu þróunar sem þrátt fyrir allt hefur átt sér stað í Suður-Afríku á allra síðustu missirum. Það atriði, sem einkum skapaði ágreining, var yfirlýsing frá fundi í Harare, um þróunina í Suður-Afríku, þar sem vísað er til yfirlýsingar Alþjóðavinnuálagstofunarinnar um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Að mati margra vestrænna ríkisstjórna er sú yfirlýsing úrelt vegna breytinga sem hafa átt sér stað í Suður-Afríku.

Aðbúnaður launafólks á hernumdu arabísku svæðunum.

Á árunum 1986–1989 voru miklir flokkadrættir í ályktunarnefnd Alþjóðavinnuálagningarsins vegna ástandsins í Palestínu og á öðrum arabískum svæðum sem eru undir stjórn Ísraels. Starf nefndarinnar var svo til lamað á 75. og 76. Alþjóðavinnuálagningu. Ljóst var að leita yrði lausnar á þessu vandamáli. Hún fannst og felst í því að undanfarin þrjú ár hefur hálfum degi allsherjarþings vinnuálagningarsins verið varið til umræðna um aðstæður Palestínumanna á svæðum sem lúta stjórn Ísraels. Á 79. Alþjóðavinnuálagningu fóru þessar umræður fram 16. júní og byggðust mest á skýrslu forstjóra um heimsókn fulltrúa Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar til þessara svæða. Þess má geta að frá árinu 1978 hefur ILO verið eina alþjóðastofnunin sem hefur fengið tækifæri til að senda sendinefndir til hernámssvæðanna, m.a. til að kynna sér aðstæður í atvinnulífnum og til að meta hvernig fylgt hefur verið eftir tilmælum um úrbætur.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Alþjóðavinnuálagningið er meðal umfangsmeiri alþjóðþinga sem haldin eru. Í þessari skýrslu kemur fram að þingstörfum er fram haldið samtímis á allsherjarþingi og í fjölmörgum þingnefndum. Ljóst er að það er borin von fyrir litla sendinefnd eins og þá íslensku að geta fylgst með öllu sem fram fer. Þess vegna skiptir samstarf við aðra miklu máli. Þar vega þingst vikulegir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlandanna. Á þeim fer fram kynning á stöðu málefna í einstökum nefndum og lagt er á ráðin um sameiginlegt ræðuhald Norðurlandanna á allsherjarþinginu og í nefndum. T.d. hafði fulltrúi ríkisstjórnar Íslands orð fyrir Norðurlöndunum í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkt, fulltrúi Finnlands hélt ræðu í nafni Norðurlandanna í nefnd sem fjallaði um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna o.s.frv.

Annað atriði, sem er til þess fallið er létta sendinefndinni þingstörfín, er samráðsfundur fulltrúa vestrænna iðnríkja. Þessir fundir eru haldnir daglega og á þeim er farið yfir þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Með þátttöku í þessum fundum má fá gott yfirlit yfir það sem er að gerast að þessu fjölmenna alþjóðþingi.

Fylgiskjal I.**Samþykkt nr. 173, um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem kom saman til 79. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1992 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

leggur áherslu á verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda og minnst ákvæða þessa efnis í 11. gr. Samþykktar um verndun launakrafna frá 1949 og 11. gr. Samþykktar um bætur starfsmanna (vegna slysa) frá 1925, og

gefur gaum að því að síðan Samþykktin um verndun launakrafna frá 1949 var afgreidd hefur aukin áhersla verið lögð á að bjarga fyrirtækjum, sem hafa orðið gjaldþrota, og að stuðla ætti að björgun fyrirtækja og tryggja atvinnu þar sem því verður við komið vegna félagslegra og efnahagslegra afleiðinga gjaldþrota, og

gefur gaum að því að síðan framangreindar reglur voru settar hefur orðið augljós þróun í löggjöf og réttarframkvæmd margra aðildarríkja, sem hefur stuðlað að aukinni verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, og þar eð talið er tímabært að þingið samþykki nýjar reglur um launakröfur starfsmanna, og

þar eð þingið hefur samþykkt tiltekna ábendingar um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 23. júní 1992, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, 1992.

I. Hluti. Almenn ákvæði.**1. gr.**

1. Í þessari samþykkt á hugtakið „gjaldþrot“ við um þær aðstæður þar sem mál hefur verið höfðað sem snertir eigur atvinnurekanda, í því skyni að fullnægja sameiginlega kröfum lánardrottna samkvæmt lögum og venjum tiltekins lands.

2. Hvað snertir þessa samþykkt er aðildarríki heimilt að láta hugtakið „gjaldþrot“ ná til annarra aðstæðna þar sem ekki reynist unnt að greiða launakröfur starfsmanna vegna fjárhagsstöðu atvinnurekanda, t.d. vegna þess að verðmæti eigna hans telst ekki nægilegt til að réttlæta höfðun gjaldþrotamáls.

3. Landslög, reglugerðir eða venjur skulu segja fyrir um að hve miklu leyti eignir atvinnurekanda falla undir málarekstur sem tilgreindur er í 1. tölul. hér að ofan.

2. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar má beita með landslögum eða reglugerð eða öðrum viðeigandi hætti sem samrýmst venjum í hverju landi.

3. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal annaðhvort undirgangast þær skuldbindingar sem tilgreindar eru í II. hluta, þar sem er að finna ákvæði um verndun launakrafna sem forgangskrafna, eða þær skuldbindingar sem tilgreindar eru í III. hluta, þar sem kveðið er á um að tryggingasjóður verndi launakröfur starfsmanna, eða skuldbindingar í báðum hlutum. Í greinargerð með fullgildingunni skal tilgreint hvor leiðin hefur verið valin.

2. Aðildarríki, sem hefur upphaflega aðeins samþykkt II. eða III. hluta þessarar samþykktar, er heimilt að fullgilda hinn hlutann síðar með því að senda tilkynningu þess efnis til forstjóra alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

3. Aðildarríki, sem staðfestir skuldbindingar beggja hluta þessarar samþykktar, er heimilt, að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, að takmarka beitingu III. hluta hennar við tiltekna flokka starfsmanna og tilteknar atvinnugreinar. Slíkra takmarkana skal getið í yfirlýsingu um samþykki.

4. Aðildarríki, sem hefur takmarkað samþykki sitt fyrir skuldbindingum í III. hluta samkvæmt 3. tölul. að ofan, skal í fyrstu skýrslu sinni samkvæmt ákvæðum 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar tilgreina ástæður fyrir takmörkuðu samþykki sínu. Í skýrslum sínum eftir það skal það veita upplýsingar um hvers konar aukna vernd skv. III. hluta þessarar samþykktar þannig að hún nái til annarra flokka starfsmanna eða annarra starfsgreina.

5. Aðildarríki, sem hefur samþykkt að undirgangast þær skuldbindingar sem tilgreindar eru í II. og III. hluta þessarar samþykktar, er heimilt, að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, að undanskilja hvað snertir II. hluta þær launakröfur sem njóta verndar skv. III. hluta.

6. Samþykki aðildarríkis fyrir skuldbindingum í II. hluta þessarar samþykktar skal *ipso jure* ná til riftunar skuldbindinga þess skv. 11. gr. Samþykktar um verndun launakrafna frá 1949.

7. Aðildarríki, sem hefur aðeins samþykkt að undirgangast skuldbindingar III. hluta þessarar samþykktar, er heimilt að losa sig undan skuldbindingum sínum skv. 11. gr. Samþykktar um verndun launakrafna frá 1949 hvað snertir þær kröfur sem njóta verndar skv. III. hluta, með yfirlýsingu sem send er forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

4. gr.

1. Þessi samþykkt skal ná til allra starfsmanna og allra starfsgreina, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í 2. tölul. hér að neðan og þeim takmörkunum sem tilgreindar eru skv. 3. tölul. 3. gr. þessarar samþykktar.

2. Lögbæru stjórnvaldi er heimilt að undanskilja úr II. eða III. hluta eða báðum hlutum þessarar samþykktar tiltekna flokka starfsmanna, að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, einkum opinbera starfsmenn, vegna sérstaks eðlis starfs þeirra eða ef þeir njóta annarra trygginga sem veita þeim jafnmikla vernd og samþykktin.

3. Aðildarríki, sem nýtir sér þær undanþágur sem tilgreindar eru í 2. tölul. hér að framan, er skylt að gefa upplýsingar um slíkar undanþágur og tilgreina ástæður fyrir þeim í skýrslum sínum skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

II. Hluti. Verndun launakrafna starfsmanna sem forgangskrafna.

VERNDAÐAR KRÖFUR

5. gr.

Við gjaldþrot atvinnurekanda njóta launakröfur starfsmanna verndar sem forgangskröfur og koma því til greiðslu úr þrotabúi atvinnurekanda áður en kröfur lánardrottna, sem eiga ekki forgangskröfur, koma til greiðslu.

6. gr.

Forgangsréttur nær a.m.k. til:

- a. launakrafna starfsmanna vegna tiltekins tímabils, a.m.k. þriggja mánaða fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
- b. krafna starfsmanna vegna orlofsgreiðslna í tengslum við störf sem innt voru af hendi á því ári sem gjaldþrot eða uppsögn átti sér stað og á næsta ári á undan;
- c. krafna starfsmanna vegna inneignar í tengslum við aðra greidda fjarveru á tilteknu tímabili sem er a.m.k. þrjú mánuðir fyrir gjaldþrot eða uppsögn; og
- d. uppsagnargreiðslna sem starfsmenn eiga rétt á við uppsögn.

TAKMARKANIR

7. gr.

1. Heimilt er með landslögum og reglugerðum að takmarka forgangsrétt starfsmanna hvað snertir launakröfur við tiltekna upphæð sem skal ekki vera undir viðunandi marki að mati samfélagsins.

2. Þar sem slíkar takmarkanir eru í gildi hvað snertir launakröfur starfsmanna skal þess gætt að hin tilgreinda upphæð sé hækkuð eftir þörfum svo að hún haldi verðgildi sínu.

RÖÐUN FORGANGSKRAFNA

8. gr.

1. Landslög eða reglugerðir skulu veita launakröfum starfsmanna forgangsrétt umfram flestar aðrar forgangskröfur, einkum kröfur ríkisins og almannatryggingakerfisins.

2. Ef launakröfur starfsmanna njóta verndar ábyrgðarsjóðs samkvæmt III. hluta þessarar samþykktar er hins vegar heimilt að veita launakröfum, sem njóta slíkrar verndar, minni forgang en kröfum ríkisins og almannatryggingakerfisins.

III. Hluti. Launakröfur starfsmanna verndaðar með ábyrgðarsjóði.

ALMENNAR REGLUR

9. gr.

Ábyrgðarsjóður skal tryggja greiðslu launakrafna starfsmanna á hendur atvinnurekanda ef atvinnurekandi getur ekki staðið í skilum vegna gjaldþrots.

10. gr.

Þegar aðildarríki lætur þennan hluta samþykktarinnar ganga í gildi getur það, að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun.

11. gr.

1. Skipulag, stjórnun, rekstur og fjármögnun launatryggingarsjóða skal vera samkvæmt ákvæðum 2. gr.

2. Ákvæði 1. tölul. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki geti í samræmi við sérkenni sín og þarfir heimilað tryggingarfélagum að veita þá vernd sem tilgreind er í 9. gr., svo fremi þau veiti fullnægjandi tryggingu.

LAUNAKRÖFUR TRYGGÐAR AF TRYGGINGARSJÓÐI

12. gr.

Þær kröfur starfsmanna, sem njóta verndar samkvæmt þessum hluta samþykktarinnar, eru a.m.k.:

- a. launakröfur vegna tiltekins tímabils sem er ekki styttra en átta vikur fyrir gjaldþrot eða uppsögn;
- b. kröfur um orlofsgreiðslur vegna vinnu sem innt var af hendi á tilteknu tímabili sem er ekki styttra en sex mánuðir fyrir gjaldþrot eða uppsögn;
- c. kröfur vegna inneignar í tengslum við annars konar greidda fjarveru á tilteknu tímabili sem er ekki styttra en átta vikur fyrir gjaldþrot eða uppsögn;
- d. greiðsla til starfsmanna við uppsögn.

13. gr.

1. Kröfur, sem verndaðar eru samkvæmt þessum hluta samþykktarinnar, má takmarka við tiltekna upphæð sem skal ekki vera lægri en samfélagið telur viðunandi.

2. Ef verndun launakrafna er takmörkuð með þessum hætti ber að hækka upphæðina eftir þörfum þannig að hún haldi verðgildi sínu.

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Þessi samþykkt breytir Samþykkt um verndun launakrafna frá 1949 að því marki sem skilgreint er í 6. og 7. tölul. 3. gr. en kemur ekki í veg fyrir fleiri fullgildingar á þeirri samþykkt.

15. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar til skrásetningar.

16. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

17. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

18. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar sem honum berst skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

19. gr.

Forstjóri alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

20. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

21. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg skal:

- a. fullgilding aðildarríkis á hinn nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 17. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
- b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

22. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar er jafngildur.

Fylgiskjal II.**Tillaga nr. 180, um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem kom saman til 79. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1992 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuáskrifstofunnar,

leggur áherslu á verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda og minnst ákvæða þessa efnis í 11. gr. Samþykktar um verndun launakrafna frá 1949 og 11. gr. Samþykktar um bætur starfsmanna (vegna slysa) frá 1925, og

gefur gaum að því að síðan Samþykktin um verndun launakrafna frá 1949 var samþykkt hefur aukin áhersla verið lögð á að bjarga fyrirtækjum, sem hafa orðið gjaldþrota, og að stuðla ætti að björgun fyrirtækja og tryggja atvinnu þar sem því verður við komið vegna félagslegra og efnahagslegra afleiðinga gjaldþrota, og

gefur gaum að því að síðan ofangreindar reglur voru settar hefur orðið augljós þróun í löggjöf og réttarframkvæmd margra aðildarríkja, sem hefur stuðlað að aukinni verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, og þar eð talið er tímabært að þingið samþykki nýjar reglur um launakröfur starfsmanna, og

viðurkennir að tryggingarsjóðir veita launakröfum starfsmanna aukna vernd ef rétt er staðið að stofnun þeirra, og

þar eð þingið hefur samþykkt tiltekna ábendingar um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi Tillögu, sem er viðbótarskjal við Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna (og gjaldþrot atvinnurekanda), 1992,

gerir þingið í dag, 23. júní 1992, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um verndun launakrafna starfsmanna (og gjaldþrot atvinnurekanda) 1992.

I. Skilgreiningar og starfshættir.

1. (1) Í þessari tillögu á hugtakið „gjaldþrot“ við um þær aðstæður þar sem mál hefur verið höfðað sem snertir eignir atvinnurekanda í því skyni að fullnægja sameiginlega kröfum lánardrottna samkvæmt lögum og venjum viðkomandi lands.

(2) Hvað snertir þessa tillögu er aðildarríkjum heimilt að láta hugtakið „gjaldþrot“ ná einnig til annarra tilvika þar sem ekki reynist unnt að fullnægja launakröfum starfsmanna vegna fjárhagslegrar stöðu atvinnurekanda, einkum í eftirtöldum tilvikum:

- a. ef fyrirtæki hefur verið lokað eða það hefur hætt starfsemi eða verið tekið til skiptameðferðar að eigin ósk,
- b. ef verðmæti eigna atvinnurekanda nægja ekki til að réttlæta höfðun gjaldþrotamáls,
- c. ef í ljós kemur við málshöfðun til að fullnægja launakröfu starfsmanns að atvinnurekandi á engar eignir eða þær nægja ekki til að greiða umrædda skuld,
- d. ef atvinnurekandi hefur fallið frá og skiptaráðandi hefur tekið við búi hans og ekki reynist unnt að fullnægja gerðum kröfum.

(3) Ákveðið skyldi í lögum, með reglugerðum eða samkvæmt venju að hve miklu leyti eignir atvinnurekanda falla undir ákvæði 1. tölul.

2. Ákvæðum þessarar tillögu má beita með lögum, reglugerðum eða öðrum hætti samkvæmt venjum í hverju landi.

II. Verndun launakrafna starfsmanna sem forgangskrafna.

VERNDADAR KRÖFUR

3. (1) Verndun samkvæmt forgangsrétti nær til eftirtalinna krafna:
- launa, yfirvinnukaups, þóknunar og hvers konar annarra greiðslna fyrir vinnu sem innt er af hendi á tilteknu tímabili fyrir gjaldþrot eða uppsögn. Þetta tímabil skal ákveðið í landslögum eða með reglugerð og ekki vera styttra en 12 mánuðir,
 - orlofsgreiðslna vegna vinnu sem innt hefur verið að hendi á sama ári og gjaldþrot eða uppsögn eða á næsta ári á undan,
 - gjaldfallinna krafna vegna annarra greiddra fjarverustunda eða kaupauka sem greiddur er við árslok eða á öðrum tíma og ákvæði eru um í landslögum eða reglugerð, almennum kjarasamningum eða einstökum ráðningarsamningum, sem ná til tiltekins tímabils, a.m.k. 12 mánaða, fyrir gjaldþrot eða uppsögn,
 - gjaldfallinna greiðslna sem koma í stað uppsagnarfrests,
 - uppsagnargreiðslna, bóta vegna ósanngjarnrar uppsagnar og annarra greiðslna sem starfsmenn eiga rétt á við uppsögn,
 - bóta sem atvinnurekandi greiðir beint vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma,
- (2) Verndun launakrafna getur náð til eftirtalinna krafna:
- gjaldfallinna framlaga vegna lögbundinna almannatrygginga í hverju landi þar sem greiðslufall hefur neikvæð áhrif á réttindi starfsmanna,
 - gjaldfallinna framlaga vegna félagslegra trygginga á vegum einkaaðila, starfsstétta, samstarfsaðila starfsstétta eða fyrirtækja, óháð lögbundum almannatryggingum í tilteknu landi þar sem greiðslufall hefur neikvæð áhrif á réttindi starfsmanna,
 - bóta sem starfsmenn áttu rétt á fyrir gjaldþrot vegna þátttöku sinnar í félagslegu tryggingakerfi á vegum fyrirtækis sem kostað er af atvinnurekanda.
- (3) Þær kröfur, sem tilgreindar eru í töluliðum (1) og (2) og starfsmaður hefur rétt til að gera samkvæmt dómsúrskurði eða gerðardómi innan 12 mánaða fyrir gjaldþrot, skyldu vera forgangskröfur, hvaða tímamörk sem tilgreind eru í þessum töluliðum.

TAKMARKANIR

4. Þar sem upphæð launakröfu, sem nýtur forgangs, er takmörkuð í landslögum eða með reglugerð svo að upphæðin fari ekki niður fyrir viðunandi mark að mati samfélagsins ber að taka tillit til breytilegra stærða, svo sem lágmarkslauna, þess hluta launa sem ekki er unnt að gera fjárnám í, þeirra launa sem bætur almannatrygginga byggjast á eða meðallauna í iðnaði.

KRÖFUR SEM GJALDFALLA

EFTIR AÐ GJALDÞROTAMÁL HEFUR VERIÐ TEKIÐ TIL DÓMS

5. Ef fyrirtæki, sem tekið hefur verið til gjaldþrotaskipta samkvæmt landslögum og reglugerð, hefur verið heimilað að halda áfram rekstri falla kröfur vegna vinnu, sem hefur verið innt af hendi frá þeim degi þegar framhald rekstrar var heimilað, ekki undir málareksturinn og skulu þær koma til greiðslu úr þeim sjóði sem fyrir hendi er þegar þær falla í gjalddaga.

GREIÐSLUM FLÝTT

6. (1) Ef ekki reynist unnt með rekstri gjaldþrotamáls að tryggja skjótar greiðslur forgangskrafna starfsmanna ber að beita tiltekinni aðferð í því skyni að flýta greiðslum til að tryggja að kröfur verði greiddar úr þeim sjóðum sem fyrir hendi eru eða þegar sjóðir verða fyrir hendi, án þess að beðið sé niðurstaðna í málinu, nema tryggingarsjóður tryggi greiðslu krafna starfsmanna.

(2) Unnt er að flýta greiðslum starfsmanna með eftirfarandi hætti:

- a. þeim aðila eða stofnun, sem fer með fjárreiður í búi atvinnurekanda, ber að greiða slíkar kröfur þegar gengið hefur verið úr skugga um að þær séu réttmætar og gjaldfallnar;
- b. ef krafan hefur verið vefngd skal starfsmanni gert kleift að fá úrskurð um réttmæti hennar fyrir rétti eða hjá öðrum aðila sem hefur lögsögu í málinu svo að hann geti fengið hana greidda samkvæmt lið (a).

(3) Greiðsla, sem hefur verið flýtt, skal ná til heildarkröfunnar, sem nýtur forgangsréttar, eða a.m.k. þess hluta hennar sem ákveðinn er í landslögum eða reglugerð.

III. Kröfur starfsmanna tryggðar af tryggingarsjóði.

GILDISSVIÐ

7. Vernd krafna starfsmanna af hálfu tryggingarsjóðs ætti að vera svo víðtæk sem unnt er.

STARFSREGLUR

8. Tryggingarsjóðir gætu starfað samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Þeir ættu að vera óháðir atvinnurekanda hvað snertir stjórnun, fjárhagslega og lagalega.
- b. Vinnuveitendur ættu að leggja fram fé til slíkra sjóða, nema hið opinbera fjármagni þá að öllu leyti;
- c. þeir ættu að takast á hendur skyldur við þá starfsmenn sem verndar njóta, hvort sem atvinnurekandinn hefur fullnægt einhverjum skyldum sínum um fjármögnun þeirra eða ekki;
- d. þeir ættu að veita baktryggingu fyrir skuldum gjaldþrota vinnuveitenda hvað snertir kröfur sem njóta verndar og ættu að geta tekið að sér innheimtu krafna fyrir hönd starfsmanna sem þeir hafa innt af hendi greiðslur til;
- e. Því fé sem tryggingarsjóðir hafa yfir að ráða, svo fremi þess hafi ekki verið aflað með almennri skattheimtu, má aðeins verja í þeim tilgangi sem það var innheimt í.

KRÖFUR SEM TRYGGINGIN VERNDAR

9. (1) Tryggingin ætti að ná til eftirtalinna krafna:

- a. launa, yfirvinnukaups, þóknunar og hvers konar annarra greiðslna fyrir vinnu sem innt er af hendi á tilteknum tíma, sem er ekki skemmri en þrjár mánuðir, fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
 - b. orlofsgreiðslna vegna vinnu sem innt var af hendi á árinu þegar gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda átti sér stað eða á næsta ári á undan;
 - c. kaupauka í árslok eða annarra kaupauka sem fyrir er mælt um í landslögum eða reglugerð, almennum kjarasamningum eða ráðningarsamningum einstaklinga, sem gilda um tiltekinn tíma, ekki minna en 12 mánuði, fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
 - d. gjaldfallinna greiðslna vegna annarra greiddra fjarvista á tilteknu tímabili, ekki styttra en þriggja mánaða, fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
 - e. greiðslna sem koma í stað uppsagnar af hálfu atvinnurekanda;
 - f. uppsagnargreiðslna, bóta vegna óréttmætrar uppsagnar og annarra greiðslna sem starfsmenn eiga rétt á við uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
 - g. bóta sem atvinnurekanda ber að greiða beint vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma;
- (2) Tryggingin gæti náð til eftirtalinna krafna:
- a. gjaldfallinna framlaga vegna lögbundinna almannatrygginga í viðkomandi landi þar sem greiðslufall hefur neikvæð áhrif á réttindi starfsmanna;

- b. gjaldfallinna framlaga vegna félagslegra einkatrygginga, sem gilda í tiltekinni starfsgrein, nokkrum starfsgreinum eða tilteknu fyrirtæki, óháð lögbundnum almannatryggingum í viðkomandi landi, þar sem greiðslufall hefur neikvæð áhrif á réttindi starfsmanna;
- c. bóta sem starfsmenn áttu rétt á fyrir gjaldþrot vegna þátttöku sinnar í félagslegum tryggingum innan fyrirtækis og atvinnurekanda ber að greiða;
- d. launa eða annarra greiðslna samkvæmt þessum tölulið sem starfsmanni eru dæmdar með dómsúrskurði eða gerðardómi innan þriggja mánaða fyrir gjaldþrot.

TAKMARKANIR

10. Ef upphæð kröfu, sem nýtur verndar tryggingarsjóðs, er takmörkuð ber við ákvörðun slíkrar takmörkunar að taka tillit til breytilegra stærða, svo sem lágmarkslauna, þess í hve miklum hluta launanna er ekki unnt að gera fjárnám, þeirrar launaupphæðar sem almannatryggingagreiðslur miðast við eða meðallauna í iðnaði.

IV. Ákvæði sem eru sameiginleg II. og III. hluta.

11. Starfsmönnum eða fulltrúum þeirra skal tilkynnt tímanlega og haft samráð við þá hvað snertir gjaldþrotamál sem höfðað hefur verið og kröfur starfsmanna tengjast.

Fylgiskjal III.**Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1992.**

Samstarf fulltrúa ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins er eitt af því sem skapar Alþjóðavinnuálastofnuninni sérstöðu meðal annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. ILO hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á aðildarríkin í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnuálastofnunina. Á árinu 1992 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri ASÍ, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ, og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar á árinu 1992 voru svipuð og næstu ár á undan, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf um framkvæmd fullgilttra alþjóðasamþykktar, svara spurningaskráum sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnuálastofnunina hélt á árinu 1992 samtals 21 fund. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykktar sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnuálastofnuninni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1992 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykktar sem Ísland hefur fullgilt:

- a. Alþjóðasamþykkt nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög.
- b. Alþjóðasamþykkt nr. 58, um lágmarksaldur barna til sjómennsku.
- c. Alþjóðasamþykkt nr. 91, um orlof með launum fyrir sjómenn.
- d. Alþjóðasamþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.
- e. Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til starfs.
- f. Alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

b. Skýrsla um 78. Alþjóðavinnuálagþingið 1991.

Aðild að Alþjóðavinnuálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnuálagþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt

með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálalæpingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1992 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 78. Alþjóðavinnumálalæpingið sem haldið var 1991. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um vinnuáðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum.

78. Alþjóðavinnumálalæpingið lauk fyrri umræðu um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda.

Í skýrslunni er birt greinargerð ríkisstjórnar Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar vegna kæru Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna vegna setningar bráðbirgðalaga nr. 89/1990, um launamál. Enn fremur er birt álit nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fjallar um félagafrelsi, í kærumálinu. Loks eru birtar í skýrslunni athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1988 og 1989.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 79. Alþjóðavinnumálalæpinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1992 um dagskrármál 79. Alþjóðavinnumálalæpingsins. Á fundunum var farið yfir frumdrög að alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum.

Á síðari hluta árs 1992 vann nefndin að samningu svara við nokkrum spurningaskrá frá ILO sem stofnunin sendi aðildarríkjunum. Þær voru um: réttindi starfsfólks í hlutastörfum og um drög að samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum.

d. Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Umfjöllun um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu er meðal verkefna sem falin hafa verið ILO-nefndinni. Á árinu 1992 voru það einkum þrjú atriði sem voru á dagskrá nefndarinnar. Á fyrri hluta árs var farið yfir athugasemdir sem sérfræðinganevnd Evrópuráðsins gerði við framkvæmd Íslands á sáttmálanum á árunum 1988 og 1989. Athugasemdirnar eru birtar í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um Alþjóðavinnumálalæpingið 1991. Nefndinni voru einnig kynntar tillögur um breytingar á sáttmálanum sem eru til umfjöllunar í nefnd á vegum Evrópuráðsins sem er að endurskoða ákvæði sáttmálans. Á síðari helmingi ársins 1992 fór nefndin yfir drög að skýrslu Íslands um framkvæmd á félagsmálasáttmálanum á árunum 1990 og 1991. Skýrslan var send Evrópuráðinu í lok janúar 1993.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Eins og greint er frá í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um 78. Alþjóðavinnumálalæpingið 1991 bárust íslenskum stjórnvöldum í lok janúar 1992 athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins gerir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1988 og 1989. ILO-nefndin fjallaði um þessar athugasemdir í tengslum við fundi embættismannanefndar á vegum Evrópuráðsins sem fer yfir skýrslu sérfræðinganna. Með samþykkt bókunar við félagsmálasáttmálan haustið 1991 breytist hlutverk embættismannanefndarinnar þannig að henni er nú falið að velja þau tilvik, þar sem ákvæði félagsmálasáttmálans eru brotin að mati sérfræðinganevndarinnar, og leggja fyrir ráðherranefnd ráðsins að hún samþykki sérstök tilmæli til hlutaðeigandi ríkisstjórnar um úrbætur. Áður leit embættismannanefndin á það sem hlutverk sitt að túlka ákvæði sáttmálans. Sérfræðinganevndin fær hins vegar afdráttarlausara vald til að leggja lagalegt mat á framkvæmd aðildarríkja sáttmálans. Á fundum ILO-nefndarinnar var einkum rætt um athugasemdir sérfræðinganevndar Evrópuráðsins við 5. gr. félagsmálasáttmálans, um félagafrelsi, og 6. gr. sem m.a. er um rétt til að semja um kaup og kjör.

Endurskoðun félagsmálasáttmálans.

Á árinu 1992 var fram haldið því verki sem hafið var árið 1990 þegar fundur evrópskra félagsmálaráðherra samþykkti tillögu Lalumiere, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, um endurskoðun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar var hafin endurskoðun sáttmálans af sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins. Nefndin afgreiddi árið 1991 drög að bókun við félagsmálasáttmálann þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk sérfræðinganeftndar Evrópuráðsins. Í henni er einnig kveðið skýrar á um verkefni nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja sáttmálans. Á vettvangi ILO-nefndarinnar var á árinu 1992 fyrst og fremst fjallað um drög að bókun við sáttmálann sem veitir heildarsamtökum vinnumarkaðarins rétt til að kæra framkvæmd sáttmálans til Evrópuráðsins. Um er að ræða svipað fyrirkomulag og nú tíðkast hjá Alþjóðavinnuumálastofnuninni. Einnig hefur ILO-nefndin fjallað um tillögur um breytingar á einstökum efnisgreinum sáttmálans sem hafa verið á dagskrá endurskoðunarnefndarinnar.

Skýrsla um framkvæmd félagsmálasáttmálans á árunum 1990 og 1991.

Hér að framan er þess getið að skýrsla um framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans á árunum 1990 og 1991 hafi verið til umfjöllunar á fundum ILO-nefndarinnar á síðari hluta árs 1992 en skýrslan var send Evrópuráðinu í lok janúar 1993. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á fundi sínum að breyta til reynslu fyrirkomulagi á skýrslugjöf um framkvæmd sáttmálans. Samkvæmt 21. gr. sáttmálans skal þetta gert á tveggja ára fresti. Samkvæmt því hafa aðildarríkin tekið saman annað hvert ár skýrslu um framkvæmd allra fullgilttra ákvæða sáttmálans. Enn fremur hefur þeim verið skipt í tvo hópa og hafa ríkjahóparnir skipst á um að senda Evrópuráðinu skýrslur sínar. Þetta breytist þannig að nú skal til reynslu í næstu fjögur ár taka saman skýrslu á hverju ári um tiltekinn fjölda greina. Aðildarríkin munu í raun skila skýrslu á tveimur árum um framkvæmd ákvæða sáttmálans. Af breytingunni leiðir að sérfræðinganeftndin getur nú samtímis lagt mat á framkvæmd allra aðildarríkjanna á ákvæðum sáttmálans. Það ætti að leiða til þess að betri samanburður fæst á framkvæmd ríkjanna á sáttmálanum.